

Í 117. gr. í næsta kafla á undan er ákvæði um birtingu ákæru á hendur þeim, sem ekki nást fyrir dóm og óvíst er um dvalarstað. Með stoð í þessari lagagrein var ákæran birt í Lögbirtingablaði nr. 9, 16. janúar 1985 með áritun um þingfestingu í dag, þriðjudaginn 5. mars 1985, klukkan 9:30. Ákærði hefur ekki mætt og ekki boðað forföll.

Enda þótt ákæran hafi verið birt, hefur ekki verið uppfyllt skilyrði laganna um það, að ákærði komi fyrir dóm. Ákvæðum 129. gr. laganna verður ekki beitt í þessu máli.

Enginn samningur er til milli Íslands og Bandaríkjanna um gagnkvæma aðstoð í sakamálum svo sem er milli Norðurlandanna, samningur frá árinu 1975 (nr. 11 í C-deild stjórnartíðinda frá því ári) og nýlegur Evrópusamningur (nr. 9 í C-deild 1984).

Ekki sýnist það þjóna neinum tilgangi, að skjöl málsins séu í vörslu dómsins, meðan ákærði næst ekki fyrir dóm.

Að mati dómsins liggur beinast við, að ríkissaksóknari varðveiti þau, enda hefur hann tök á því að láta rannsóknarlögreglu ríkisins fylgjast með ferðum ákærða til landsins. Eins er það á færi ríkissaksóknara að hlutast til um að fá manninn framseldan.

Dómara þessa máls eru því allar bjargir bannaðar með að halda áfram rekstri málsins og kveða upp efnisdóm í því.

Með vísan til þessa þykir rétt að vísa ákæru í máli þessu frá dómi að svo stöddu ex officio. Engan kostnað hefur leitt af rekstri málsins.

D ó m s o r ð:

Ákæru á hendur Hreiðari Björnssyni er vísað frá dómi að svo stöddu ex officio.

Þriðjudaginn 26. mars 1985.

Nr. 71/1985. **Ákæruvaldið**

gegn

Viðari Björnssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 21. mars 1985, sem barst Hæstarétti 22. s.m. Hann krefst þess aðallega, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði stytur.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 20. mars 1985.

Ár 1985, miðvikudaginn 20. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Bergsteini Georgssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu, að gæsluvarðhald það, sem kærða Viðari Björnssyni, fæddum 24.08. 1948, til heimilis að Ferjubakka 10, var gert að sæta með úrskurði 24. febrúar sl. og rennur út í dag, verði framlengt til 1. júní nk.

Réttargæslumaður kærða hefur mótmælt kröfu RLR, og til vara krefst hann, að gæsluvarðhaldstími kærða verði stytur. Þórir Oddsson vararannsóknarlögreglustjóri telur ekki stætt á, að kærði haldi óskertu frelsi sínu, þar sem dýnarsök Sigurðar Breiðfjörð Ólafssonar liggja ekki fyrir.

Málavextir eru þeir, að RLR var tilkynnt um mannslát við Grettisgötu 19 B laugardaginn 23.02. sl. Reyndist hinn látni vera Sigurður Breiðfjörð Ólafsson, og bentu áverkar á líkinu til þess, að hann hefði lent í átökum. Kærði og Sólrún Elíðóttir hafa borið við yfirheyrslur hjá RLR og fyrir dómi, að komið hafi til átaka milli Sigurðar B. Ólafssonar og kærða föstudaginn 22. 02. sl. Átök þessi stöfuðu af deilum um áfengisflösku, sem kærði taldi, að Sigurður hefði falið fyrir honum. Kærði kveðst fyrst hafa tusk að Sigurði til, en síðan slegið hann krepptum hnefum, m.a. í andlit. Kærði kveður þau Sólrúnu hafa farið frá Grettisgötu 19 B og töldu þau, að þá hefði verið eitthvert lífsmark með Sigurði. Daginn eftir komu þau aftur að Grettisgötu 19 B og reyndi kærði þá að hressa Sigurð við með því að hella upp í hann kökudropum og með því að úða upp í hann asma-lyfi. Tilraunir þessar báru engan árangur.

Rannsókn máls þessa er nokkuð á veg komin, en endalegar niðurstöður krufningar liggja þó eigi fyrir fyrir en að loknu lyfja- og efnarannsóknunum

á sýnum, sem tekin voru, og er því ekki unnt að álykta um dánarorsök enn.

Kærði er grunaður um háttsemi, sem getur varðað hann fangelsisrefsingu skv. XXIII. kafla alm. hegningarlaga, og eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldi því ekki til fyrirstöðu. Með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 ber að taka kröfu RLR til greina og ákveða, að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi áfram, en þó ekki lengur en til miðvikudagsins 1. maí nk., kl. 17:00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Viðar Björnsson, skal sæta gæsluvarðhaldi áfram, en þó ekki lengur en til miðvikudagsins 1. maí nk., kl. 17:00.

Þriðjudaginn 26. mars 1985.

Nr. 143/1983. Hallgrímur Ólafsson

Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Húsanesi s/f og

gagnsök

(Ingi Ingimundarson hrl.)

Skaðabætur. Skuldamál. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 2. ágúst 1983, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. júlí s.á. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og að hin áfrýjanda verði lækkuð verulega og að honum verði gert að greiða héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að krafa gagnáfrýjanda veri lækkuð verulega og að honum verði gert að greiða sér með skuldajöfnuði allt að 49.560,00 krónum með 37% ársvöxtum frá 1. mars 1982 til 31. október 1982, 45% ársvöxtum frá þeim degi til 20. september 1983, 37% ársvöxtum frá þeim degi til 20.